

arþingi sínu, að hún hafi haft samfarir við Pál Þorleifsson á tímabilinu frá 10. sept. til 29. okt. 1929, skal stefndi teljast faðir sveinbarns þess, að nafni Emil Ottó, er stefnandi ól 26. júlí 1930 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur allan kostnað málsins fyrir undirrétti og hæstarétti eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til talsmanns stefnanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr.

Verði áfrýjanda aftur á móti eiðfall, skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar og fellur þá málskostnaður í báðum réttum niður og fýrgreint kaup talsmanns áfrýjanda greiðist þá af almannafé.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 15. okt. 1934.

Nr. 100/1934. Réttvísín og valdstjórnin

(Th. B. Lindal)

gegn

**Jakob Hinrik Helgasyni**

(Garðar Þorsteinsson)

Stuldur. Brot gegn lögum 31/1923 og 64/1930 o. fl.

*Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. apríl 1934: Jakob Hinrik Helgason, vinnumaður, til heimilis á*

Íshússtig 3 í Keflavík, sæti fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 3 mánuði. — Hann greiði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, og loks kr. 28,00 í skaðabætur til þurrabúðarmanns Odds Pálssonar, Klapparstig nr. 12 í Keflavík, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Stuldur sá, er ákærði framdi 13. dezbr. 1933, er ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. tölulið 231 gr. almennra hegningarlaga, en stuldur hans 16. s. m. heyrir þar á móti undir 6. gr. laga nr. 51/1928. Og með því að brjóta rúður ásamt bróður sínum í í-búðarhúsi í Keflavík nóttina milli 11. og 12. jan. þ. á. þá hefir hann gerzt brotlegur við 298. gr. sömu laga. Verður að telja sök út af þessu réttilega sótta í þessu máli, með því að ákærði raskaði almennum friði í sambandi við þessar athafnir sínar. Fyrir þessi brot ber að dæma ákærða til refsingar eftir 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928 og 298. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau, með hliðsjón af 63. gr. síðastnefndra laga, hæfilega ákveðin 120 daga fangelsi við venjulegt fangavíðurværi.

Þá hefir ákærði með flutningi á 12 flöskum af genever úr útlendum togara þann 1. dez. 1933 gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 64/1930, og varðar það brot við 2. tölulið 27. gr. sömu laga. En með flutningi sínum á 24 whiskyflöskum í land úr sama togara 9. jan. 1934, og sölu þeirra að nokkru leyti hefir hann gerzt brotlegur við 1. og 11. gr. nefndra laga, og varða þessi brot hans refsingu eftir 1. tölulið 27. gr. og 32. gr. sömu laga.

Með ferðum sínum áðurnefndum út í áðurgreindan togara, mökum sínum við menn þar úti í skip-

inu og flutningi á manni þaðan í land og farangri hans hefir ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 31/1923, og varðar það brot refsingu eftir 27. gr. laga nr. 34/1902.

Þá hefir ákærði verið ölvaður á almannafæri í Keflavík nóttina milli 11. og 12. jan. 1934, og hefir þar með brotið ákvæði 16. gr. laga nr. 64/1930 og varðar það brot hans refsingu eftir 36. gr. sömu laga.

Loks hefir bróðir ákærða borið það, að kvöldið 11. jan. 1934 hafi hann ásamt ákærða neytt áfengis á opinberum veitingastað í Keflavík. En með því að eigi verður séð, að ákærði hafi nokkurn tíma verið spurður um þetta atvik í rannsókn málsins, þykir eigi sannað, að hann hafi gerzt brotlegur að þessu leyti.

Fyrir framantalin brot sín á áfengis- og sóttvarnarlögum þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og 1200 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar 45 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Loks greiði ákærði samkvæmt 27. gr. laga nr. 64/1930 40 króna gjald í rikissjóð fyrir hvern lítra hins innflutta áfengis, er ætla má að verið hafi 27 lítrar, eða 1080,00 krónur.

Með því að ætla má að ákærði hafi í félagi með bróður sínum brotið 3 rúður í húsi Odds Pálssonar í Keflavík, þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um bætur fyrir þær. Krafa um iðgjöld fyrir hinn stolna fisk hefir ekki komið fram í málinu, og verða þau því eigi ákveðin í þessum dómi.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað af málinu í héraði eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, og allan áfrýjunar-

kostnað þess, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Auk þess, er áður segir, er það aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn hefir alls eigi greint nægilega glögggt brot ákærða í hinum áfrýjaða dómi og alls eigi látið laga nr. 51/1928 getið né heldur nefnt nokkur sérstök áfengis- eða sóttvarnarlög eða við hvaða greinir þeirra brot ákærða varði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Hinrik Helgason, sæti 130 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann 1200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði ákærði 1080 kr. gjald í ríkissjóð af hinu ólöglega innflutta áfengi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Loks greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Theódórs Líndal og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu hins ákærða, sem er 18 ára að aldri, fæddur og uppalinn í Keflavík í Gullbringusýslu, hjá foreldrum sínum þar, og öðrum upplýsingum í málinu, er það nægilega sannað, að hann aðfaranótt 13. dez. f. á. og aðfaranótt 16. s. m. hafi farið inn í fiskverkunarhús Guðmundar kaupmanns Kristjánssonar í Keflavík, svo nefnt „Bryggjuhús“, er í voru geymd ca. 1000 skpd. af verkuðum saltfiski, þar af ca. 300 skpd. af óþökkuðum fiski, í fyrra skiptið inn um gluggarúðugat á þeirri hlið hússins, er vissi að höfninni, og síðan gengið yfir húsið og opnað það í öðrum enda hússins eða krækt upp hurð götumegin, látið síðan 5 pakka af fiski, er innsaumaður var í striga, á handvagn, er hann hafi tekið fyrir utan fiskþurkunarhús sama manns þar í nándinni, svonefnda „Gömlubúð“, og ekið fiski þessum að bifreiðinni G. K. 24, eigandi bifreiðarstjóri Ólafur Guðmundsson á Hótel Keflavík, sem hann kvöldið áður hafði beðið að flytja fyrir sig saltfisk til Reykjavíkur, tilheyrandi bróður ákærðs, Sigurði Helgasyni, og síðan sótt á sama vagni 3 pakka af samskonar fiski, skorið strigann utan af þökkunum og kastað honum í sjóinn, en látið síðan alla þessa 8 pakka ofan á þurkaðan saltfisk, skemmdan af „rauðátu“, er hann vissi kvöldinu áður, að flytjast átti til Reykjavíkur, en í síðara skiptið kveðst hann hafa tekið 25 pakka úr sama húsi, einnig í strigaumbúðum, er hann flutti í 5 ferðum á sama vagni og áður, en þá hafi lásinn fyrir hurð hússins staðið opinu vegna þess, að þá hafi menn verið að kynda til fiskþurkunar, og hann vitað af þeim í næsta húsi, áföstu við fiskgeymsluhúsið, sem eigi hafi orðið hans varir, og hann látið á sömu bifreið og áður án umbúða, en kvöldið áður hafi hann beðið eiganda hennar að flytja fisk til Reykjavíkur, og sem í bæði skiptin hafi komið á óvart flutningur ákærða á fiskinum á bifreiðina. Kveður ákærður greindan bifreiðarstjóra hafa vitað, að allur þessi fiskur hafi verið stoliinn, en hann engin afskipti haft af fiskinum, nema að flytja hann fyrir sig til Reykjavíkur, en bifreiðarstjóri þessi hefir eindregið neitað að vita nokkuð um það, að fiskurinn væri þannig tilkominn, og hann að nokkru leyti fært líkur fyrir því að svo væri eigi, að hans vitund.

Allan þennan fisk, er fyr um getur, samtals 33 pakka,

50 kg., kveðst ákærður hafa selt í Reykjavík, þar af 15 pakka til verzlunarinnar „Von“, Laugavegi 55, fyrir kr. 12,50 pakkann, 1 pakka manni, er þar hafi verið staddur, fyrir 12 kr., og afganginn, 17 pakka hafi hann selt í fiskverzlun á Nönnugötu 5, fyrir 12 kr. hvern pakka, og hann þannig fengið 403,50 kr. fyrir allan hinn stolna fisk, en kaupmaður Gunnar Sigurðsson, eigandi verzlunarinnar „Von“, kveðst aðeins hafa borgað 10 kr. fyrir pakkann af þeim 8 pökkum, er hann keypti í síðara skiptið.

Söluandvirði hins selda fisks kveðst ákærður hafa eytt í Reykjavík á ýmsan hátt, eins og nánar er tilgreint í réttarprófunum, þá 2 daga, er hann dvaldi þar, og svo í Keflavík þar á eftir, og vegna ölvunar í Reykjavík geti hann hafa týnt einhverju af fé þessu eða glatað, en þó gert grein fyrir rúmum 330 kr., sem hann viti um að hann hafi borgað út og eytt af peningum þessum í Reykjavík og Keflavík.

Þá er það upplýst með eigin játningu ákærðs, og á annan hátt, að hann nóttina á milli 10. og 11. janúar þ. á. hafi í öläði brotið inn rúðu eða rúður í húsinu Klapparstig nr. 12 í Keflavík, ásamt bróður sínum, Hans Adolf Helgasyni, hvar þeir voru í áfengisleit, er varð árangurslaus, og síðan að öllum líkindum í nokkrum öðrum húsum sömu nótt þar í kaптúninu.

Loks er það sannað, einnig með játningu ákærðs og á annan hátt, að hann, ásamt bræðrum sínum Þórði og Sigurði, hafi að kvöldi 1. dez. f. á. farið út í togarann „Ross“, G. Y. 329 frá Grímsby, er þeir sáu þar úti fyrir höfninni, og flutt mann út í skip þetta, farið upp í skipið án þess að vitað verði, að það í þeirri ferð hafi sýnt skjöl sín eða fengið heilbrigðisvottorð, neytt þar áfengis og flutt síðan í land úr skipi þessu 1 kassa með 12 flöskum af Genever-brennivíni, er skipstjórinn Helgi Jónsson, seldi þeim fyrir 1 £ eða 22,15, sem þeir þó eigi greiddu, og skiptu þeir svo, er í land kom, áfengi þessu jafnt á milli sín, og drukku upp næstu daga, að þeirra sögn, svo og að ákærður, ásamt Sigmundi Óskari Einarssyni í Keflavík, hafi nóttina 9.—10. jan. s. l. farið út í sama skip og tekið með sér í land bifreiðarstjóra frá Túni í Flóa, er skipið hafði meðferðis frá Englandi, sem farþega, einnig án þess að skip þetta, án þess að vitað verði, í þeirri ferð hafi gert

grein fyrir sér hér við land, og fluttu þeir þá í land 2 kassa með 12 fl. í hvorum af whisky, er þeir skiptu á milli sín, og seldi ákærður 7 af flöskum þessum fyrir 100 krónur, fyrir milligöngu bróður síns, fyrrnefnds Hans Adolfs Helgasonar, er fyrir það fékk 1 fl. af áfengi þessu, afganginn kveðst ákærður hafa drukkið og gefið öðrum.

Samkvæmt því, er framan greinir, virðist ákærður hafa gerzt brotlegur gegn 231. gr., 4. lið hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 298. gr. sömu laga, svo og gegn áfengis- og sóttvarnarlögum og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið vegna þessa, eftir atvikum, hæfilega ákveðin 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, og loks í skaðabætur til þurrabúðarmanns Odds Pálssonar, Klapparstíg 12 í Keflavík, kr. 28,00, er hann hefir gert kröfu til, en um aðrar skaðabætur hefir eigi verið krafizt í málinu, eða undir rannsókn þess.

Það vottast, að með tilliti til stöðugra embættisanna dómarans á öðrum sviðum, hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið á málinu.

---

Miðvikudaginn 17. okt. 1934.

Nr. 92/1934. **Pétur Magnússon** (Sjálfur)  
gegn

**Helga Guðmundssyni, Jóni Baldvinsyni og Jóni Ólafssyni, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f**

(Theódór B. Lindal).

Áfrýjandi eigi talinn hafa átt réttarkröfu til launahækkunar né fengið neitt bindandi loforð þar um.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1934:* Stefnir, bankastjórar Útvegsbanka Íslands h/f, fyrir bankans hönd, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Péturs Magnússonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.